



Húnavetningur

Sameiningarviðræður í A-Hún

Starfshópur um menningu, frístund og lýðheilsu

Minnisblað

Svör við lykilsurningum og niðurstöðum SVÓT greiningar á framtíðarmöguleikum málaflokksins innan sveitarfélaga í Austur-Húnavatnssýslu.

Almennt

Eftirtaldir skipuðu starfshópin:

Blönduósbær: Arnrún Bára Finnsdóttir, Hjálmar Björn Guðmundsson og Kristín Ingibjörg Lárusdóttir.

Húnavatnshreppur: Rúnar Aðalbjörn Pétursson og Jón Árni Magnússon.

Skagabyggð: Bjarney Ragnhildur Jónsdóttir.

Skagaströnd: Arnar Viggósson, Sigríður Stefánsdóttir og Valtýr Sigurðsson.

Starfshópurinn fundaði tvisvar sinnum, 14. janúar og 21. janúar í gegnum forritið Zoom. Hjálmar Björn var valinn formaður hópsins og Arnrún Bára ritari.

Hlutverk starfshópsins

Markmið starfshópanna er að vera Samstarfsnefnd um sameiningu Austur-Húnavatnssýslu til ráðgjafar og veita upplýsingar fyrir mat á stöðu málaflokksins og mögulega sýn til framtíðar í sameinuðu sveitarfélagi. Starfshópnum er einnig ætlað að greina styrkleika og veikleika í viðkomandi málaflokki og þær ógnanir og tækifæri sem felast í mögulegri sameiningu.

Núverandi staða:

Stjórnskipulag:

Stig stjórnskipulags menningar-, íþrótt- og tómstundamála er ólíkt á milli sveitarfélagana. Blönduósbær er eina sveitarfélagið sem er með stöðugildið, Menningar-, íþrótt- og tómstundafulltrúa, innan stjórnsýslunnar sem að snýr



Húnavetningur

Sameiningarviðræður í A-Hún

sérstaklega að málaflokknum. Blönduósbær, Skagaströnd og Húnavatnshreppur halda úti nefndum tengdum málaflokkunum. Skagabyggð borgar í og styður við málaflokkinn á Skagaströnd en sveitarfélagið sækir þjónustu sína mestmegnis á Skagaströnd og börnin sækja skóla, íþróttir og tómstundir þangað.

Nefndir:

- *Blönduósbær: Menningar-, íþrótt- og tómstundanevnd og Ungmennaráð Blönduósbæjar*
- *Húnavatnshreppur: Menningarmála, íþrótt- og æskulýðsnefnd*
- *Skagaströnd: Tómstunda- og menningarmálanefnd*

Stefnumótun

Staðan í málaflokknum er á mismunandi stigum í hverju sveitarfélagi fyrir sig.

Sveitarfélögin Blönduósbær og Skagaströnd eru bæði með samninga og styðja vel við íþróttafélögin og íþróttastarf bæjanna þannig að fjárhagsleg byrgði af íþróttastarfi er lítil fyrir foreldra. Skagabyggð styður við og borgar til íþrótt- og tómstundamála á Skagaströnd eftir skráningum á mætingum. Húnavatnshreppur er ekki með formlegan samning við íþróttafélag sitt en styrkir eru veittir árlega. Börn í Húnavatnshreppi sækja íþrótt- og tómstundaæfingar á Blönduós.

Skagaströnd hefur verið að betrubæta aðstöðu Félagsmiðstöðvarinnar Undirheima undanfarin ár og stefnir á að verða Heilsueflandi samfélag á næstu árum. Félagsstarf aldraðra er í góðum gangi og góð gróska er í íþróttum og tómstundum í sveitarfélaginu. Íþróttahúsið er vel búið með stórum íþróttasal sem er vel nýttur en nokkrir lausir tímar eru þó í boði. Auk þess er líkamsrækt og dýnusalur. Sundlaugin er opin allt árið og stefnir sveitarfélagið á að ráðast í framkvæmdir á sjóböðum á næstu árum.

Blönduósbær er að taka skrefin í átt að mikilli endurskoðun og uppbyggingu í málaflokknum þá sérstaklega með sköpun á nýju stöðugildi innan stjórnsýslunnar með ráðningu Menningar-, íþrótt- og tómstundafulltrúa. Verkefni fulltrúans er að fara yfir allt sem að tengist málaflokknum innan sveitarfélagsins og betrubæta þar sem að þess þarf. Mál Félagsmiðstöðvarinnar Skjólins og sumarleikjanámskeið eru þar ofarlega á blaði. Formlegt ferli er hafið til að sveitarfélagið öðlist stimpilinn



Húnavatnshreppur

Sameiningarviðræður í A-Hún

Heilsueflandi samfélag. Framtíðaráform Blönduósbæjar varðandi tómstundir er að koma upp Frístundaheimili Blönduósbæjar. Félagsstarf aldraðra er í góðum gangi og góð gróska er í íþróttum og tómstundum í sveitarfélaginu.

Húnavatnshreppur hefur undanfarið verið að leggja meiri áherslu á aukið samstarf við Blönduósbæ í efnum tengdum málaflokknum og mun það líklega færast enn frekar í aukanna.

Það er ekki formlegur samningur í gangi með að börn frá

Skagabyggð hafi aðgang að aðstöðum á Skagaströnd í efnum tengdum málaflokknum. Haldið er utan um skráningar hjá börnum sem að mæta á íþróttæfingar og í félagsmiðstöðina og kostnaði er svo deilt hlutfallslega á milli sveitarfélagana. Með sama hætti er félagsstarf eldri borgara og öryrkja á Skagaströnd opið fyrir íbúa Skagabyggðar og það gert upp við Sveitarfélagið Skagaströnd í hlutfalli við þáttöku. Akstur er einu sinni í viku í félagsstarfið.

Félagsmiðstöðvar

Félagsmiðstöðvar eru reknar á Blönduósi og á Skagaströnd. Félagsmiðstöðin Undirheimar á Skagaströnd er í góðum málum og er í húsnæði sem að er nýlega búið að taka í gegn. Börn í Skagabyggð hafa formlegan aðgang að henni þar sem að haldið er utan um skráningar hjá börnum sem að mæta.

Á döfinni eru væntanlegar breytingar á Félagsmiðstöðinni Skjólínu á Blönduósi. Um áramótin 2020-2021 færðist utan umhald félagsmiðstöðvarinnar frá Blönduskóla yfir í stjórnslu Blönduósbæjar með tilkomu nýs Menningar-, íþrótt- og tómstundafulltrúa. Húsnæði félagsmiðstöðvarinnar er ábótavant og stefnir Blönduósbær að því markmiði að stofna Frístundaheimili Blönduósbæjar á næstu árum þar sem að félagsmiðstöðin myndi meðal annars hafa aðstöðu ásamt því að allir aðrir bæjarbúar hafa tækifæri á því að nýta aðstöðuna. Hugmyndin er að hafa starfsmann í fullu starfi til aðstoðar þeim sem að myndu bóka tíma í stundatöflu hússins. Blönduósbær er að horfa í svipað fyrirkomulag og í Húsi frítímans á Sauðárkróki.

Eins og staðan er í dag er enginn formlegur samningur í gangi á milli

Húnavatnshrepps og Blönduósbæjar um nýtingu á félagsmiðstöðinni Skjólinsins og þar



Húnavetningur

Sameiningarviðræður í A-Hún

af leiðandi hafa börn úr Húnavatnshreppi ekki formlegan aðgang að neinni félagsmiðstöð.

Framtíðaráskoranir í málaflokknum

Framtíðaráskoranir í málaflokknum eru margvíslegar sérstaklega þar sem að töluverðar vegalengdir skilja að. Tækifærin eru mörg en gott skipulag er lykillinn að þeim. Einna helst þegar að kemur að íþróttum og frístundum hjá börnum. Í sameinuðu sveitarfélagi þarf að nýta styrkleika og aðstöður í hverjum kjarna og þar koma inn frístundabílar og akstur. Þetta væri sérstaklega jákvætt framfaraskref fyrir börn í dreifbýli Austur-Húnavatnssýslu sem að myndu fá aukin tækifæri til þess að stunda íþróttir og tómstundir þar sem að frístundaakstur hefur ekki verið í boði hingað til. Það eru ýmsar íþróttir og tómstundir í boði á Skagaströnd sem að eru ekki í boði á Blönduósi og öfugt eins og til dæmis leiklist, kórastarf, karate og júdó. Þetta eru allt aukin tómstundataækifæri fyrir börnin okkar sem að væri frábært að gera enn fjölbreyttari eins og með danskennslu svo að eitthvað sé nefnt. Mikilvægt er að hafa gott skipulag og flæði á milli íþróttæfinga svo að tíma sem varið er í bíl sé í lágmarki. Með frístundabílum væri auk þess hægt að skipuleggja skemmtileg leikjanámskeið á sumrin á mismunandi svæðum og samnýta ferðir í skíðasvæðið Tindastól yfir vetrartímann. Frístundabílar nýtast einnig fyrir félagsstarf eldri borgara sem að væri hægt að efla og sameina auk þess sem að hægt væri að nýta ýmis menningarhús sýslunnar fyrir viðburði.

Áskorun væri í því að samræma gjaldskrár í íþróttamiðstöðvar en með því myndu korthafar öðlast aðgang að aðstöðu bæði á Blönduósi og á Skagaströnd. Með tveimur íþróttamiðstöðvum koma ýmis tækifæri. Með því að samnýta íþróttamiðstöðvar fyrir íþróttæfingar er þó mikilvægt að börnin hafi í einhver hús að vernda ef að æfingar falla niður og börnin sitja föst. Frístundaheimili á Skagaströnd og á Blönduósi gætu verið möguleg lausn á því vandamáli en það krefst uppbyggingar á aðstöðu. Frístundaheimili eru spennandi og uppbyggjandi viðbót við tómstundalíf sveitarfélaga og ættu að nýtast öllum íbúum sem að hafa áhuga á.



Húnavetningur

Sameiningarviðræður í A-Hún

Markmið sameinaðs sveitarfélags ætti vera að skapa umhverfi sem að fjölskyldum og börnum líður vel og þau vilji koma aftur í þegar að menntun líkur og ala fjölskyldur sínar. Mikilvægt er að hafa gott og fjölbreytt íþrótt- og tómstundastarf til þess að stuðla að því sem að í leiðinni hefur gríðarlegt forvarnargildi.

Hvað þarf að varast?

Varast þarf að að sameining komi alls ekki niður á þjónustustigi eða aðstöðu á hverjum stað fyrri sig. Hlúa þarf betur að málefnum og þar skiptir gott skipulag höfuðmáli. Flæði íþrótt- og tómstunda fyrir hvern hóp eða flokk fyrir sig þarf að vera gott. Best væri ef að börnin þyrftu ekki að bíða lengi eftir bílum eða vera á óþarfa vengangi um bæina. Mikilvægt er fyrir sveitarfélögin að standa saman að því að efla menningu, lýðheilsu og frístundaframboð fyrir íbúa. Passa þarf upp á dreifingu starfa milli kjarna, sérstaklega sérhæfðra starfa. Nýta þarf aðstöður skynsamlega og samnýta ferðir og bíla. Leggja skal áherslu á að allir íbúar hafi gott aðgengi að þeim aðstöðum sem eru í boði í allri sýsluni þar sem að hægt er að koma saman og þar með nýta menningarhúsin betur.

Hvað viljum við ekki missa?

Sveitarfélögin fjögur vilja auðvitað ekki missa neitt. Sérstaklega þjónustustig eða stöðugildi. Hvert sveitarfélag vill auk þess ekki missa sína sérstöðu í formi menningaratburða eða menningarhúsa. Nefndarfulltrúar Menningar-, frístunda- og lýðheilsu voru sammála um það að ýmis tækifæri bjóðast í sameinuðu sveitarfélagi. Í mörg horn er að líta og skiptir máli að nýta aðstöður, skipuleggja og sameina krafta sveitarfélaganna til þess að skapa öllum íbúum þess gott, fjölbreytt og gefandi umhverfi þar sem að allir geta blómstrað.



Húnavatnssýsla

Sameiningarviðræður í A-Hún

SVÓT greining

Sameinað sveitarfélag	
Styrkleikar	Veikleikar
Samstaða - meiri slagkraftur Hagræðing í rekstri Samvinna - nýting á styrkleikum hvers svæðis Samnýting á menningar-, íþrótt- og tómstundafulltrúa Betri þjónusta Betri nýting á íþróttamannvirkjum	Aksturstími barna í skóla, íþróttir og frístundir Aðstöðuleysi - Vöntun á athvarfi eins og Frístundaheimili fyrir börn að leita í þegar að þess þarf.
Ógnanir	Tækifæri
Aðstöður færast í kjarna Minnkað þjónustustig Fækkun stöðugilda Fjarlægðir á milli kjarna	Betri þjónusta Fleiri valmöguleikar og tækifæri í íþróttum og tómstundum Sérhæfing starfa Frístundaheimili Frístundabílar - Sérstaklega fyrir börn og aldraða í dreifbýli Sameinað leikjanámskeið yfir sumartímann Samræma gjaldskrár - aðgangur í íþróttahús og sundlaug bæði á Skagaströnd og Blönduósi Öll börn, öryrkjar og eldri borgarar í Austur-Húnavatnssýslu njóti sama kjöra Sameiginlegur akstur í skíðasvæðið Tindastól



Húnavatnshreppurinn

Sameiningarviðræður í A-Hún

Yfirlit yfir íþróttamannvirki og menningarstofnanir, þ.á.m. félagsheimili:

Yfirlitið er ekki tæmandi, en veitir ágæta yfirsýn yfir fjölbreytnina.

Blönduósbær:

- Íþróttamiðstöð Blönduósbæjar (sundlaug)
- Félagsheimili Blönduósbæjar
- Kvennaskólinn
- Heimilisiðnaðarsafnið
- Textílmíðstöð Íslands
- Textíllistamiðstöðin
- Hillebrandtshúsið
- Sparkvöllur
- Hjólabrettavöllur
- Fótbolta- og frjálsíþróttavöllur
- Ærslabelgur
- Folfvöllur (á byrjunarstigi)

Húnavatnshreppur:

- Húnaver
- Knattspyrnuvöllur, með takmarkaðri aðstöðu fyrir frjálsíþróttir.
- Fullbúinn keppnisvöllur fyrir hestaíþróttir (skeiðvöllur)
- Húnavellir
 - Íþróttahús
 - Sundlaug
 - Sparkvöllur
- Knattspyrnuvöllur með frjálsíþróttaaðstöðu
- Félagsheimili og annað:
 - Húnaver
 - Dalsmynni
 - Klaustursstofa
 - Skólahús við Sveinsstaði



Húnavetningur

Sameiningarviðræður í A-Hún

Skagabyggð:

- Skagabúð

Skagaströnd:

- Íþróttahús
- Sundlaug
- Golfvöllur
- Minigolfvöllur
- Ærslabelgur
- Félagsheimilið Fellsborg
- Bjarmanes
- NES listamiðstöð
- Spákonuhof
- Árnes
- Sparkvöllur
- Útikörfuboltavöllur
- Minigolfvöllur
- (Folfvöllur á byrjunarstigi)
- Veitingarstaðurinn Höfnin í byggingu

Yfirlit yfir menningar-, íþrótt- og tómstundafélög og beinn stuðningur sveitarfélaganna við þau:

Yfirlitið er ekki tæmandi, en veitir ágæta yfirsýn yfir fjölbreytnina.

Blönduósbær:

Blönduósbær veitir um 16 mkr. í styrki til eftirfarandi verkefna.

- Ungmennafélagið Hvöt
 - Körfuknattleiksdeild
 - Knattspyrnudeild
 - Hvöt (meistaraflokkur) vallarsamningur (aðföng/vallarhús)
 - Sunddeild
 - Frjálsíþróttadeild



Húnavatnshreppur

Sameiningarviðræður í A-Hún

○ Fimleikar

- Júðofélagið Pardus
- Hestamannafélagið Neisti
- Skotfélagið Markviss
- Golfklúbburinn Ós
- USAH
- Karlakór Bólstaðarhlíðarhrepps
- Björgunarfélagið Blanda
- AA Samtökin
- Skógræktin
- Blönduóskirkja

Húnavatnshreppur

Húnavatnshreppur veitir 4,95 mkr. í styrki til eftirfarandi verkefna. Styrkir til neðangreindra aðila eru 50.000 kr. og hærri. Hæsti einstaka styrkurinn er 1.000.000 kr.

- Klaustursstofa
- Karlakór Bólstaðarhlíðarhrepps
- Ungmennafélagið Hvöt ýmsardeildir
- Ungmennafélagið Geislar
- Ungmennafélag Bólstaðarhlíðarhrepps
- Ungmennasamband Austur-Húnavatninga
- Félag eldri borgar í Húnaþingi
- Hestamannafélagið Neisti
- Fjarræktarfélag Sveinsstaðahrepps
- Skotfélagið Markviss
- Björgunarfélagið Blanda
- Jólaskjöldur A-Hún
- Stígamót
- Aflíð
- Textíllistamiðstöðin



Húnavetningur

Sameiningarviðræður í A-Hún

- AA- samtökin
- Körfuboltaskóli Norðurlands
- Kirkjugarðurinn Blönduósi
- Reiðhöllinn Arnargerði
- Styrktarsjóður Húnavetninga

Skagabyggð

Skagabyggð veitir um 1,4 mkr. í styrki til eftirfarandi verkefna.

- Ungmennafélagið Fram á Skagaströnd
- USAH
- Félagsmiðstöðin
- Frístundastyrkur til foreldra (10.000.-) á önn v/grunnskólabarna
- Kvenfélagið Hekla

Skagaströnd

Skagaströnd veitir um 30,7 mkr. í styrki til eftirfarandi verkefna.

- Frístundakort
- Ungmennafélagið Fram
- Golfklúbbur Skagastr
- Hestamannafélagið
- Slysavarnadeildin
- Ýmis menningarmál
- Myndasafn
- Byggðasafn
- Listamiðstöð
- Héraðsskjalasafn
- Heimilisiðnaðarsafn
- Fræðasetur
- Spákonuhof
- Hólaneskirkja
- Félagsheimili Fellsborg



Húnavatnshreppurinn

Sameiningarviðræður í A-Hún

Yfirlit yfir árlega menningarviðburði og aðkoma sveitarfélaganna að þeim:

Yfirlitið er ekki tæmandi, en veitir ágæta yfirsýn yfir fjölbreytnina.

Blönduósbær

- Húnavaka
- 17.júní

Húnavatnshreppur

- Íbúahátíð einu sinni á ári

Skagaströnd

- Hetjur Hafsins